

**129. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Þorpinu, Þjóðbraut 13,  
5. maí 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1911114 - Þorpið- framtíðarsýn**

Verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála leggur fram útfærða tillögu að breytingum á skipuriti fyrir starfsemi Þorpsins. Jafnframt fjallað um frístundastarf í Þorpinu sumarið 2020.

*Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála situr fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar greinagóða kynningu á starfi Þorpsins.*

**2. 1905352 - Þjóðbraut 13 - Þorpið**

Skipulags- og umhverfisráð vísar minnisblaði Heiðrúnar Janusardóttur verkefnastjóra til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði. Óskað er eftir að metin verði framtíðarþörf á húsnæði undir starfsemi Þorpsins.

*Heiðrún situr áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir að vísa tillögu að nýtingu á útisvæði til skipulags- og umhverfisráðs.*

**3. 2004189 - Atvinnuátaksverkefni**

Lagt fram minnisblað um átaksverkefni sumarstarfa 2020.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Bára Daðadóttir  
Sandra M. Sigurjónsd.  
Ragnar Sæmundsson